



Norðurþing

Ketilsbraut 7-9 640 Húsavík sími 464-6100 nordurthing@nordurthing.is

Húsavík, 29.7.2022nr. erindis 202206021 BB

Minnisblað: Starfs- og kjaranefnd.

Byggðarráð Norðurþings samþykkir að setja á fót starfs- og kjaranefnd hjá sveitarfélaginu með það að markmiði að styrkja framkvæmd fjárhagsáætlunar Norðurþings.

Skipan:

Nefndin skal vera skipuð sveitarstjóra, fjármálastjóra, launafulltrúa og skrifstofustjóra.

Hlutverk:

Hlutverk nefndarinnar er að fara yfir óskir og tillögur um nýráðningar hjá Norðurþingi í samstarfi við forstöðumenn. Nefndinni er einnig falið að fara yfir skipulag og starfslýsingu þeirra starfa sem losna hverju sinni.

Ábyrgð:

Nefndin skal fylgjast með að svið, stofnanir og forstöðumenn Norðurþings fari eftir launaáætlun fjárhagsáætlunar. Einnig skal nefndin leggja mat á stöðugildaþörf hvernar stofnunar og skipulag starfa eftir því sem nauðsynlegt er talið.

Fyrirkomulag vinnu:

Nefndin fundar eftir þörfum í kjölfar vikulegra stjórnendafunda. Nefndin fer yfir þær beiðnir sem berast frá forstöðumönnum um ráðningar og kallar þá á fund þegar þurfa þykir. Nefndin svarar beiðnum sem til hennar berast innan vikunnar. Nefndin skal halda fundargerðir um starf sitt.

Tilgangur:

Nefndin gegni m.a. því hlutverki að styrkja eftirfylgni með framkvæmd launaáætlunar, sviðstjórar þurfa að greina þarfir og skila til nefndarinnar vegna allra nýráðninga, halda utan um starfskjör og starfslýsingar, viðhalda launa- og starfsmannastefnu einnig fylgja eftir ýmsum öðrum verkefnum tengdum starfsmanna- og kjaramálum.

Rökstuðningur:

Nefndin tryggir meiri aga og samræmingu bæði í ráðningum og kjörum, ekki er sérstakur kostnaður af störfum nefndarinnar.